

Bæjarstjórn - 1974

FUNDARBOÐ

**1974. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 8.
apríl 2026 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2601425 - Frítt í strætó fyrir 12-17 ára ungmenni

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.mars
Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og óska eftir upplýsingum um stöðuna á vinnslu þess innan stjórnar Strætó BS og SSH

Fyrir fundinum liggur svohljóðandi tillaga sem áður hefur verið lögð fram af fulltrúum Samfylkingar bæði í bæjarráði 5. febrúar sl. og bæjarstjórn 11. febrúar sl.:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að frá 1.júní næstkomandi verði endurgjaldslaust í Strætó fyrir öll hafnfirsk ungmenni til 18 ára aldurs. Kostnaður er á yfirstandandi ári um 28 milljónir króna. Breytingar verði gerðar á gildandi fjárhagsáætlun til að fjármagna þessa réttarbót og það gert með aðhaldi og sparnaði; með sérstakri sjálfstæðri tillögu, þar sem samþykkt verður að lækka kostnað við aðkeypta þjónustu um 30 milljónir.

Bæjarráð samþykkir að vísa framangreindri tillögu til bæjarstjórnar.

Meirihluti bæjarráðs leggur fram eftirfarandi tillögu:

Börn og ungmenni á aldrinum 12 - 17 ára hafi aðgang að gjaldfrjálsum ferðum strætó á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt tekur gildi þegar greiðslukerfi strætó hefur verið próað með þeim hætti að Hafnarfjarðarbær verði skuldfærður á grundvelli raunnotkunar ungmenna.

Fulltrúar Samfylkingar leggja fram viðbót við framangreinda tillögu þannig að aftan við tillöguna bætist eftirfarandi:

"Nýtt fyrirkomulag taki gildi eigi síðar 1. júní næstkomandi."

Framkomin viðbót við tillögu er felld þar sem þrír fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar greiða atkvæði gegn breytingunni. Fulltrúar Samfylkingar greiða atkvæði með breytingunni.

Bæjarráð samþykkir óbreytta tillögu með þremur atkvæðum frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Fulltrúar Samfylkingar sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar geta ekki greitt fyrirbyggjandi tillögu meirihlutans atkvæði sitt, þar sem tillagan er ótímasett og er bundin skilyrðum. Hins vegar er fagnaðarefni að loksins samþykkir meirihluti Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins efnislega fyrirbyggjandi tillögu Samfylkingarinnar um að frítt verði í strætó fyrir hafnfirsk ungmenni. En vill áfram flækja málið með tæknilegum tafaleikjum. En dropinn holar steininn.

Fulltrúar meirihlutans furða sig á því að fulltrúar Samfylkingarinnar geti ekki samþykkt tillögu meirihlutans sem fjallar um frítt í strætó fyrir börn og ungmenni. Hér er um að ræða skynsama leið að málinu. Meirihlutinn hefur ávallt verið hlynntur því að frítt skuli verða í strætó fyrir börn og ungmenni og leitað leiða til að gera það á skynsaman og ábyrgan hátt. Fulltrúar Samfylkingarinnar vilja heldur æða fram í málinu og geta síðan ekki samþykkt góða leið að málinu, einfaldlega af því að hún kemur frá meirihlutanum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Bókun meirihlutans er með eindæmum og málinu fullkomlega snúið á hvolf - eggjó farið að kenna hænunni. Loksins er meirihlutinn kominn til byggða og þorir ekki öðru en að lúta leiðsögn jafnaðarmanna um meginatriði málsins - frítt í strætó fyrir hafnfirsk ungmenni. En þorir ekki að taka skrefið til fulls og ýtir málinu áfram í ótímasetta bið og í hendur komandi meirihluta.

2. 2409735 - Málefni barna - og ungmenna í Hafnarfirði

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Tillaga lögð fram.

Fundargerðir

3. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs frá 30.mars sl.

a. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 20.mars sl.

b. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 11. febrúar sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 31. mars sl.

31.03.2026

Valdimar Víðisson bæjarstjóri